

Uppgjör Brims hf. á þriðja ársfjórðungi 2020

- Rekstrartekjur samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi voru 80,7 m€ og 213,8 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (3F 2019: 65,0 m€, fyrstu níu mánuðum 2019: 170,5 m€). Aukningu rekstrartekna má fyrst og fremst rekja til þess að sölufélög í Asíu eru hluti af samstæðunni í ár, en félögin eru hluti af samstæðureikningsskilum Brims frá 1. október 2019. Rekstrartekjur sölufélaganna, að teknu tilliti til innbyrðis viðskipta námu 25 m€ á þriðja ársfjórðungi og 70 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins 2020.
- EBITDA nam 26,6 m€ á þriðja ársfjórðungi og 43,8 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (3F 2019: 27,9 m€, fyrstu níu mánuðum ársins 2019: 51,0 m€)
- Hagnaður á þriðja ársfjórðungi var 16,0 m€ og á fyrstu níu mánuðum ársins 21,5 m€ (3F 2019: 17,8 m€, fyrstu níu mánuði 2019: 28,5 m€)
- Handbært fé frá rekstri nam 30,1 m€ á fyrstu níu mánuðum ársins (fyrstu níu mánuði 2019: 41,7 m€)

Rekstur fyrstu níu mánaða ársins 2020

Rekstrartekjur Brims hf. á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 námu 213,8 m€, samanborið við 170,5 m€ árið áður. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 43,8 m€ eða 20,5% af rekstrartekjum, en var 51,0 m€ eða 29,9% árið áður. Áhrif fjáreignatekna og fjármagnsgjalda voru neikvæð um 5,8 m€, en voru neikvæð um 3,2 m€ á sama tíma árið áður. Áhrif hlutdeildarfélaganna voru jákvæð um 0,1 m€, en voru neikvæð um 0,1 m€ árið áður. Hagnaður fyrir tekjuskatt var 27,3 m€ og hagnaður tímabilsins var 21,5 m€.

Ársfjórðungsyfirlit - Lykiltölur				
í þúsundum evra	3F2020	3F2019	9M2020	9M2019
Seldar vörur	80.679	65.040	213.770	170.503
Kostnaðarverð seldra vara	(53.137)	(34.142)	(166.602)	(113.400)
Vergur hagnaður	27.542	30.898	47.168	57.103
Aðrar tekjur	0	0	0	213
Útflutningskostnaður	(1.632)	(3.085)	(5.215)	(7.644)
Annar rekstrarkostnaður	(2.962)	(3.228)	(8.914)	(9.389)
Rekstrarhagnaður	22.948	24.585	33.039	40.283
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld	(2.142)	(761)	(5.833)	(3.159)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	(152)	(468)	72	(148)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	20.654	23.356	27.278	36.976
Tekjuskattur	(4.607)	(5.781)	(5.618)	(8.644)
Hagnaður tímabilsins af áframhaldandi starfsemi ..	16.047	17.575	21.660	28.332
(Tap) hagnaður af aflagðri starfsemi	0	227	(165)	156
Hagnaður tímabilsins	16.047	17.802	21.495	28.488
EBITDA	26.617	27.901	43.809	50.985

Efnahagur

Heildareignir félagsins námu 777,0 m€ í lok september 2020. Þar af voru fastafjármunir 637,9 m€ og veltufjármunir 139,1 m€. Eigið fé nam 330,2 m€, eiginfjárlutfall í lok september var 42,5%, en var 45,3% í lok árs 2019. Heildarskuldir félagsins voru í septemberlok 446,9 m€.

Efnahagsreikningur 30.09.2020 - Lykiltölur		
í þúsundum evra	30.09.2020	31.12.2019
Fastafjármunir	637.915	549.504
Veltufjármunir	139.126	151.196
Eignir samtals	777.041	700.700
Eigið fé	330.153	317.364
Langtímaskuldir	335.041	321.245
Skammtímaskuldir	111.847	62.091
Eigið fé og skuldir samtals.....	777.041	700.700

Sjóðstreymi

Handbært fé frá rekstri nam 30,1 m€ á tímabilinu, en nam 41,7 m€ á sama tíma fyrra árs. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 60,2 m€. Fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um 3,2 m€. Handbært fé lækkaði því um 26,9 m€ á tímabilinu og var í lok september 26,6 m€.

Sjóðstreymi - Lykiltölur	2020	2019
í þúsundum evra	1.1.-30.09	1.1.-30.09
Handbært fé frá rekstri	30.072	41.657
Fjárfestingarhreyfingar	(60.199)	20.482
Fjármögnunarhreyfingar	3.240 (50.552)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....	(26.887)	11.587
Handbært fé í lok tímabilsins.....	26.610	49.866

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrstu níu mánaða ársins 2020 (1 evra = 152,55 kr) verða tekjur 32,6 milljarðar króna, EBITDA 6,7 milljarður og hagnaður 3,3 milljarðar. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. september 2020 (1 evra = 162,2 kr) verða eignir samtals 126,0 milljarðar króna, skuldir 72,5 milljarðar og eigið fé 53,5 milljarðar.

Skipastóll og afli

Í skipastól félagsins voru í septemberlok tíu skip, en línubátarnir Kristján HF-100 og Steinunn HF-108 bættust við þegar Grunnur ehf. og Grábrók ehf. urðu hluti af samstæðunni 1. maí síðastliðinn. Á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 var afli skipa félagsins 36 þúsund tonn af botnfiski og 67 þúsund tonn af uppsjávarfiski, á sama tíma fyrstu níu mánuði ársins var afli skipa samstæðunnar 40 þúsund tonn af botnfiski og 70 þúsund tonn af uppsjávarfiski.

Önnur mál

Félagið hefur á undanförunum vikum unnið að fjármögnun sem nýtt verður til fjármögnunar á fjárfestingum félagsins. Félagið hefur tryggt sér hagstæða skammtímafjármögnun frá banka en hyggst samhliða bjóða fjárfestum skuldabréf á félagið til sölu. Endanlegar fjárhæðir mögulegrar skuldabréfaútgáfu munu ráðast af eftirspurn fjárfesta og væntingum um kjör. Samhliða vinnur félagið að skilgreiningu græns fjármögnunarramma sem skuldabréf þess munu falla undir. Þegar slíkur rammi hefur verið skilgreindur og tekinn út af vottunaraðilum hyggst félagið stækka skuldabréfaútgáfu sína með útgáfu grænna eða eftir atvikum blárra skuldabréfa. Í heildina er gert ráð fyrir að skuldabréfaútgáfa félagsins geti numið allt að 60 m€.

Áhrif veirufaraldursins COVID-19 á rekstur samstæðunnar hafa áfram verið umtalsverð. Aðgerðir til að takmarka þau á veiðar, vinnslu og dreifingu afurða halda áfram, sem og viðbrögð við krefjandi aðstæðum á mörkuðum. Áhrif heimsfaraldursins á reksturinn á næstu mánuðum og misserum ræðst eðlilega af þróun mála og mun áfram verða fylgst náið með henni. Brim er vel í stakk búið til að takast á við aðstæður, en sem fyrr er ekki hægt að segja til um áhrif faraldursins á rekstur og efnahag samstæðunnar í framtíðinni.

Kristján P. Davíðsson, stjórnarformaður Brims hf.:

Þrátt fyrir áframhaldandi neikvæð áhrif covid heimsfaraldursins á aðstæður rekstrar og á markaði hefur starfsfólki Brims með samstilltu átaki tekist vel til við rekstur veiða, vinnslu og markaðssetningar við þessar krefjandi aðstæður. Endurnýjun fiskiðjuvers á Norðurgarði er nú langt komin, veiði bolfisks hefur gengið þokkalega og verið áfallalaus. Vertíðir uppsjávarfisks í sumar og á haustmánuðum gengu einnig vel. Því má vel segja að niðurstaða uppgjörs Brims á fyrstu níu mánuðum ársins 2020 verði að teljast vel ásættanleg segir Kristján P. Davíðsson stjórnarformaður Brims.

Kynningarfundur þann 20. nóvember 2020

Rafrænn kynningarfundur um afkomu félagsins á þriðja ársfjórðungi verður haldinn föstudaginn 20. nóvember klukkan 8:30. Í ljósi aðstæðna fer hann eingöngu fram í gegnum fjarfundabúnað. Hægt er að sækja um aðgang að fundinum á póstfangið kynning@brim.is.

Kristján P. Davíðsson stjórnarformaður mun kynna uppgjórið og svara spurningum.